

Eystrahorn

19. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 24. maí 2018

www.eystrahorn.is

Sorpmálin - allra hagur að vel takist

Í síðasta Eystrahorni birtist grein eftir Þorbjörgu Gunnarsdóttur þar sem spurningum var beint til sveitarstjórnar varðandi sorphirðu í sveitarfélaginu. Okkur er það ljúft og skylt að svara spurningum sem fram koma í greininni og við þökkum Þorbjörgu erindið, þar sem að það er okkar allra hagur að vel takist til með sorpmálin í sveitarfélaginu.

1. Eruð þið sveitarstjórnarmenn ánægðir með breytingarnar sem gerðar voru í sorpmálum sýslunnar?

Það að breyta úr tveggja tunnu flokkun og bæta við lífrænni flokkun er stórt framfaraspör og skref í rétta átt til að ná betri árangri í flokkun og minnka urðun á sorpi. Gjaldskrárbreyting var gerð þannig að nú borga allir sem henda öflokkuðu sorpi 26 kr á kílóíð í stað 9.50 kr áður. Þetta er raunkostnaður við það að henda og urða sorp. Hækkunin skilar því að flestir ættu að sjá hag sinn í að flokka betur.

2. Hve mikið hækkadi kostnaðurinn við hreinsun eftir að búið var að leiðrétta tunnufjölda og breyta yfir í 3 vikna losun?

Árið 2016 þá var kostnaðurinn við málaflokkinn 85.243.181 kr. Gjöldin sem voru innheimt vegna þjónustunnar voru 55.302.523 kr. Kostnaðurinn við hirðinguna yfir 6 mánuði, frá október 2017 - mars 2018 var 20 milljónir.

Breytingarnar á sorphirðunni fólust í að flokka lífræna

úrganginn sérstaklega.

Samningurinn sem gerður var við Íslenska gámafélagið, að undangengnu útboði þar sem þrjár aðilar skiluðu tilboði, er til 5 ára. Útboðið og útkoma þess var samþykkt af allri bæjarstjórn, án athugasemda. Samningurinn er um hirðingu á sorpi frá heimilum, rekstur á gámaporti og rekstur á urðunarstaðnum í Lóni. Gjald á sorpþjónustunni við íbúana vísitölhækkaði um 4.8%, var 29.925- á íbúð og fór í 31.422-. Í þessu samhengi þá er vert að benda á að þetta gjald er með því lægsta sem þekktist á Íslandi. Til viðmiðunar þá voru sambærilegar breytingar á sorpmálum gerðar í vetur í Fjarðabyggð. Þar er gjaldið á hverja íbúð um 42.510 kr.

3. Hver er ávinningurinn í tölum eftir þann tíma sem liðinn er frá breytingum?

Ávinningurinn er sá að nú er mun minna urðað. Það var stórt markmið með breytingunum, að tryggja betri nýtingu á urðunarstaðnum í Lóni. Núna eru færri urðunardagar, meira rusl er urðað í einu með mun minna af jarðefni, mól og mold sem þarf til að fergja sorpið. Þetta tryggir mikinn sparnað til lengri tíma séð. Það er erfitt að koma fram með samanburðarhæfar tölur, aðrar en heildartölur á sorpmagni. Milli ára þá hefur úrgangur aukist um 10-15% á landsvisu, það sama á við í sveitarfélaginu okkar. Þetta skýrist m.a. af aukinni hagsæld og uppsveiflu í efnahagsmálum.



4. Hvernig er ferlið með lífræna úrganginn? Er moltugerðin komin vel á veg?

Lífræni úrgangurinn fer til jarðgerðar í Gufunesi í Reykjavík og hafa verið jarðgerð u.þ.b. 36 tonn, sem fer þá ekki til urðunar.

5. Er timburkurl aðgengilegt fyrir íbúa?

Kurlað timbur er aðgengilegt á gámasvæði í hvítum sekkjum fyrir almenning.

6. Hversu mikið hefur það sem er urðað í Lóni minnkað að þyngd og ummáli, miðað við sömu mánuði síðustu ár?

Hagnaðurinn er mestur í því að minna er urðað af mól og mold. Á fundi umhverfisnefndar 6. febrúar s.l. var farið yfir magntölur í sorphirðu síðasta árs. Á tímabilinu ágúst til desember 2017 kemur í ljós að skipting á sorpi milli fyrirtækja og heimila er í hlutfallinu 73% frá fyrirtækjum og 27% frá heimilum. Þetta segir okkur að nærri því 3/4



af sorpinu falla til frá fyrirtækjum en 1/4 frá heimilunum.

Áskorunin í því að flokka betur og urða minna sorp liggur þ.a.l. að stórum hluta hjá fyrirtækjum. Við verðum að stíga saman þau skref að sorpið sé vel flokkað. Það biða margar áskoranir ennþá í sorpmálum. Sérstaklega þarf að huga að því að auka þjónustuna í sveitum, við íbúa og ferðamenn. Í bígerð er að koma upp gámaportum eða móttökustöðum í sveitum, þar sem hægt verður að koma með flokkað sorp. Það er alltaf hægt að gera betur og auka þjónustuna. Slíkt verður að gera með samstilltu átaki sveitarfélagsins, fyrirtækja og íbúa svo að tilkostnaður verði sem minnstur og árangur sem mestur.

Sæmundur Helgason og Björn Ingi Jónsson
Oddvitar 3.framboðsins og Sjálfstæðisflokksins

Endurskoðun afsláttar á fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega

Við upphafsálagningu fasteignagjalda í febrúar síðastliðnum var afsláttur á fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega reiknaður til bráðabirgða miðað við tekjuárið 2016. Þegar staðfest afrit af skattframtali vegna tekna ársins 2017 liggur fyrir í júní nk. verður afslátturinn endurskoðaður og leiðréttur. Ekki er þörf á að sækja sérstaklega um endurskoðun á afslætti. Miðað er við allar skattskyldar tekjur samkvæmt skattframtali og sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

Á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is má sjá álagningarreglur 2018 ásamt reglum um afslátt fasteignaskatts. Skrifstofa sveitarfélagsins veitir jafnframt allar nánari upplýsingar í síma 470 8000.

Fjármálastjóri,
Ólöf I. Björnsdóttir



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

**Sumarhelgihald
í Bjarnanesprestakalli**

Júní
3. júní kl. 14 Hafnarkirkja (sjómannadagur).
10. júní kl. 13 Hofskirkja (ferming).
17. júní Hafnarkirkja (fjölskyldufjör).

Júlí
15. júlí kl. 11 Hafnarkirkja (ferming).
15. júlí kl. 14 Bjarnaneskirkja (göngumessa).
29. júlí kl. 20 Kálfaþellsstaðarkirkja (Ólafsmessa).

Ágúst
19. ágúst kl. 11 Hafnarkirkja (messa).
26. ágúst kl. 14 Stafafellskirkja
(150 ára afmæli kirkjunnar.)



BJARNANESPRESTAKALLI

Sjá nánar á <http://bjarnanesprestakalli.is>



Viðskiptavinir athugið
Rakarastofan verður
lokuð
föstudaginn 1. júní

Kveðja Baldvin

24 MAÍ kl. 19:30

2. Korintubréf 3:17

LIFANDI

TÓNLIST

Hvítasunnukirkjan Lifandi Vatn

Lifandi Tónlist Ókeypis aðgangur

Hafnarbraut 59, 780 Höfn í Hornafirði

Fylgist með okkur á Facebook

Leikjanámskeið Sindra



Ungmennafélagið Sindri býður uppá tvö leikjanámskeið í sumar fyrir börn fædd 2009 til 2011. Það fyrra verður frá 4. júní til 15. júní og það síðara verður frá 18. júní til 29. júní.

Hvort námskeið fyrir sig stendur yfir í tvær vikur og verður frá kl. 9:00-12:00, boðið verður uppá gæslu milli kl. 8:00 og 9:00. Seinna námskeiðið mun einnig standa til boða fyrir börn fædd 2012.

Nánari dagskrá verður auglýst síðar.

Verð fyrir námskeið er 12.000 kr.

Manstu eftir taupokanum? **ÞOKASTÖÐIN**
Hornafjörður - Iceland



Eystrahorn

Fískhól 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.

Rítstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófaralestur.... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

VALHÖLL
ÞASTEIGNASALA

Sími: 588-4477 • www.valholl.is
Hornafjörður - Reykjavík - Snareslíðnes
Snorri Snorrason löggiltur fasteignasali
Sími: 478-2000 / 895-2115 • snorri@valholl.is

Snorri Snorrason
lögg. fasteignasali
Sími: 478-2000
GSM: 895-2115
snorri@valholl.is



SVALBARÐ

Reisulegt og fallett 182,2m², steinsteyppt einbýlishús ásamt 17,5 m² timbur bílskúr, samtals 199,7 m². Húsið er á 2 megin hæðum ásamt kjallara og risi. Mikió endurnýjað hús, 5 herbergi, 2 stofur og stór verönd út frá stofu.

laust í júní

SUMAR-/ GESTAHÚS
TIL FLUTNINGS

Fullbúið 36m2, bjálkahús með 11m2 yfirbyggðri verönd. Húsið er tilbúið til notkunar og hentar vel fyrir einstaklinga eða ferðaþjónustuaðila.

laust í júní

KIRKJUBRAUT 43

Glæsilegt steyppt einbýlishús með 5 svefnherbergjum og rislofti ásamt rúmgóðum bílskúr með grífu og geymslukjallara. Nýir gluggar og gler. Nýtingargólfloftur hússins er um 300 m²

laust í júní

Skólaslit Grunnskóla Hornafjarðar

Verða í Íþróttahúsi Hafnar fimmtudaginn
31. maí kl. 17:00.

Foreldrar hvattir til að
mæta með börnum sínum.

Allir velkomnir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

HELGI HÁLFDANARSON,
Víkurbraut 30,
Hornafirði,

lést sunnudaginn 13. maí.
Verður jarðsöngurinn frá Hafnarkirkju
föstudaginn 25. maí klukkan 14.



Vilborg Einarsdóttir
Laufey Helgadóttir Sigurbjörn Karlsson
Guðný Helgadóttir Hákon Gunnarsson
Þorbjörg Helgadóttir Vignir Júlíusson
barnabörn og barnabarnabörn

Ungir Hornfirðingar

Eins og allir vita, þá eru framundan sveitarstjórnarkosningar og snúast þær um að taka afstöðu til málefna næstu fjögurra ára, málefna framtíðarinnar í samfélaginu okkar. Mér finnst mjög mikilvægt að ungt fólk taki virkan þátt í þeim ákvörðunum.

Ungt fólk vill að sér geti liðið eins og það sé hluti af samfélaginu. Það vill fá vinnu, mannsæmandi laun og eigið húsnæði. Ef við hugsum ekki um unga fólk okkar munum við missa það frá okkur. Mikilvægt er að allir taki höndum saman og stuðli að uppbyggingu samfélags þar sem allir aldurshópar geta þrífist.

Ungmennaráð Hornafjarðar er eins konar grundvöllur þess að ungt fólk hafi tækifæri til að vera virkir þátttakendur í samfélagi sínu og fái tækifæri til að koma að ákvörðunum sem snerta líf þeirra.

Óflugt starf ungmennaráðs eykur bæði ungmennalýðræði og íbúalýðræði. Við viljum meiri samvinnu við unglíngana og gefa ungu fólk farveg til að segja það sem þau vilja og koma með sínar hugmyndir.

Við munum sjá til þess að fulltrúar sveitarstjórnar fundi reglulega með ungmennaráði þannig að rödd og áherslur ungmenna komist inn í stefnumörkun sveitarstjórnar. Einnig að virkja betur tengingu ungmennaráðs við nemendaráð grunnskólans og stjórn nemendafélags framhaldsskólans.

Undanfarin ár hefur umræða um geðheilbrigðismál opnast heilmikið en betur má ef duga skal. Við þurfum að vera vakandi yfir andlegri líðan íbúa, stórauka aðgengi að sálfræði- og geðheilbrigðissþjónustu fyrir alla aldurshópa.

Þeir sem bjóða sig fram í sveitarstjórnarkosningum eiga flestir sameiginlegt að vilja láta gott af sér leiða fyrir samfélagið. Við viljum öll byggja upp gott samfélag. Ákvarðanir sem eru teknar í dag hafa í rauninni meiri áhrif á ungt fólk og komandi kynslóðir sem munu seinna erfa landið.

Þitt atkvæði skiptir miklu máli!

Nejra Mesetovic

8. sæti á lista Framsóknarmanna og stuðningsmanna þeirra.



Hótel Höfn óskar eftir að ráða starfsfólk

Hótel Höfn leitar að ábyrgum og samviskusömum eintaklingum í Pizzubakstur og útkeyrslu

Almennt um starfið:

Unnið er á vöktum, ýmist 2-2-3 eða 4-2, seinnipart dags og á kvöldin. Starfið felst að mestu leyti í því að sjá um heimkeyrslu á pizzum, símsvörun og daglegu uppjöri en einnig felst það í starfinu að aðstoða við pizzubakstur og almennan undirbúning / frágang ásamt tilfallandi þrífum.

Hæfniskröfur:

- Bílpróf er nauðsyn
 - Snyrtimennska mikilvæg
 - Sjálfstæð vinnubrögð
 - Geta unnið undir álagi
 - Ensku kunnátta æskileg
- Einstaklingurinn þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir skulu berast á info@hotelhofn.is en einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð í móttöku Hótelis Hafnar.

SUMARBÚÐIRNAR VIÐ EIÐAVATN 4. - 22. júní 2018



1. fl. 4.-8. júní 5 dagar 7-10 ára (f. 2008-2011)
2. fl. 11.-15. júní 5 dagar 8-12 ára (f. 2006-2010)
3. fl. 18.-22. júní 5 dagar 11-14 ára (f. 2004-2007)
Ævintýraflokkur Verð 36.000 kr. Munið systkinaafsláttinn

1. flokkur 4.-8. júní nokkur pláss laus.
2. flokkur 11.-15. júní örfá pláss laus
3. Ævintýraflokkur 18.-22. júní örfá pláss laus

Tekið er við skráningum í netfangið
sumarbudir@kirkjan.is - Upplýsingasími: 772-1968



KIRKJUMÍSTÖÐ
AUSTURLANDS

Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi fyrir sveitarstjórnarkosningar 26. maí 2018

Atkvæðagreiðsla á skrifstofum sýslumanns

Hægt er að greiða atkvæði utankjörfundar hjá embætti sýslumannsins á Suðurlandi, á opnunartíma sýsluskrifstofa, milli kl. 9.00-15.00. Síðustu viku fyrir kosningar verður opnunartími lengdur á skrifstofum embættisins sem hér segir:

Hafnarbraut 36, Höfn í Hornafirði

22.-24. maí kl. 9:00-16:00

25. maí kl. 9:00-18:00

Ránarbraut 1, Vík í Mýrdal

22.-25. maí kl. 9.00-16.00

26. maí (kjördagur) kl. 11.00-13.00

Austurvegi 6, Hvalsvellir

22.-24. maí kl. 9.00-16.00

25. maí kl. 9.00-18.00

26. maí (kjördagur) kl. 10:00-12:00

Hörðuvöllum 1, Selfossi

14.-18. maí 9.00-16.00

22.-24. maí 9.00-18.00

25. maí 9.00-20.00

26. maí (kjördagur) 10.00-12.00

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í Skaftárhreppi fer fram á heimili Sigurlaugar Jónsdóttur, Klausturvegi 7, Kirkjubæjarklaustri. Opnunartími skv. samkomulagi. Sími 895-0103.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í Örafum fer fram á heimili Pálinu Þorsteinsdóttur að Svínafelli 1 Suðurbæ, Örafum. Opnunartími skv. samkomulagi. Sími 478-1760 og 894 1765.

Ábyrgð á atkvæði

Athygli er vakin á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utankjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 65. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem ekki eiga heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms eða fötlunar, skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi, til embættisins, fyrir kl. 16.00, þriðjudaginn 22. maí nk. Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá embættinu og á vefsíðunni www.kosning.is.

Kosning á sjúkrastofnunum

Sjá auglýsingu á www.syslumenn.is

Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki til að sanna hverjir þeir eru.

Ýmsar upplýsingar og eyðublað vegna komandi kosninga má fá á vefsíðunni www.kosning.is.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi



Setjum X við E

3.framboðið vonar að sem flestir mæti á kjörstað og setji x við E á laugardaginn kemur, þann 26. maí.

Við viljum efla og auka velsæld íbúa og gesta í sveitarfélaginu. Við erum stolt af því að endurspegla marga hópa; úr þéttbýli og dreifbýli.

Á listanum okkar er fólk á öllum aldri með margskonar reynslu. Sumir fæddir og uppaldir í sveitarfélaginu og aðrir hafa flutt lengra að, bæði frá Íslandi og öðrum löndum.

Við ætlum að leggja okkur fram og vinna af jákvæðni, metnaði og krafti í þágu samfélagsins okkar allra.



Sæmundur, Sigrún,
Hjálmar Jens og Sigríður Þórunn



Sæmundur
Helgason
Grunnskólakennari
1. sæti



Sigrún
Sigurveysdóttir
Landvörður
2. sæti



Hjálmar Jens
Sigurðsson
Sjúkrahjálfari
3. sæti



Sigríður Þórunn
Þorvarðardóttir
Nemi og
leikskólaleiðbeinandi
4. sæti



Sigurður Einar Sigurðsson
Vélstjóri
5. sæti



Samir Mesetovic
Fótboltaþjálfari
6. sæti



Hlíf Gyldadóttir
Framhaldsskólakennari
7. sæti



Þórey Bjarnadóttir
Bóndi
8. sæti

Hvers vegna Framsókn og stuðningsmenn þeirra?

Vilt þú bæjarstjórn með skýra stefnu sem þú treystir til þess að standa við það sem sagt er? Þá er Framsóknarflokkurinn og stuðningsmenn þeirra þinn kostur!

Fjölskyldan og einstaklingurinn í forgrunni

Forgangsröðun Framsóknarmanna og stuðningsmanna snýr að því að skapa sterkt samfélag þar sem fjölskyldan og einstaklingurinn er í forgrunni. Hjarta hvers samfélags slær gjarnan þar sem börnin okkar eiga í hlut. Undanfarnir ár hefur áherslan verið á húsnæðismál leik- og grunnskóla. Við munum setja mönnunarmál þar í forgang, samstarf við starfsfólk er undirstaða þess að vel til takist og höfum við miklar væntingar til þess að það muni ganga vel. Jafnhliða munum við ljúka við endurbætur á Sindrabæ og Vöruhúsinu á kjörtímabilinu. Við munum lækka fasteignaskatt á heimili í sveitarfélaginu og draga þannig úr skattbyrði fasteignaeigenda.

Jafnrétti til náms, tómstunda- og íþróttaiðkunar

Framsókn hefur unnið ótulllega að því að tryggja það að börn og ungmenni í sveitarfélaginu geti stundað íþrótt- og tómstundastarf með veglegri hækkun á tómstundastyrk og þeirri breytingu að börn frá 6-18 ára eigi rétt á styrknum. Tillögur okkar um hækkun og breytingu á aldursbili voru samþykktar einróma í bæjarstjórn. Einnig tillaga Framsóknarmanna um að skólagögn séu útveguð af skólanum án endurgjalds og gjaldfrjáls ávaxtabiti í grunnskólum. Við viljum koma myndarlegar til móts við foreldra og börn í dreifbýli vegna aksturs í

tengslum við íþrótt- og tómstundastarf til Hafnar.

Unga fólk er auðlind

Mikill kraftur hefur verið í starfi ungmennaráðs á undanförunum árum. Síðustu tvö ár hafa áheyrnarfulltrúar ungmennaráðs átt rétt til setu í nefndum sveitarfélagsins. Framsóknarmenn vilja auka markvisst samstarf milli ungmennaráðs og bæjarráðs. Byggja þarf upp farveg fyrir auknið samtal og samráð þarna á milli til hagsbóta fyrir samfélagið og þá sem munu síðar taka við stjórnartaumum samfélagsins.

Stöndum vörð um byggðina okkar

Sveitarfélagið okkar er einstakt, stórt og víðfeðmt og geymir margar af helstu perlum íslenskrar náttúru. Aðdráttarafi þess er sterkt, aðgangur að því greiður enda flykkjast hingað hundruð þúsunda ferðamanna allan ársins hring. Sveitarfélagið þarf að standa vörð um þau fjölmörgu fyrirtæki sem sprottið hafa upp í tengslum við ferðaþjónustuna og hlúa að rekstarkilyrðum þeirra. Landbúnaður hefur átt undir högg að sækja síðustu áratuginu og nú hallar verulega undan fæti í sauðfjárbúskap. Forsvarsmenn sveitarfélagsins verða að taka virkan þátt í umræðu um framtíð greinarinnar og í mótun tillagna um hvernig hægt er að koma til móts við þær fjölskyldur sem eiga allt undir þessari atvinnugrein.

Aukin afurðavinnsla í héraðinu

Ein leiðin er að bændur hafi aðstöðu til að vinna sjálfir afurðir úr því kjöti sem sem þeir framleiða. Matarsmiðjan á Höfn getur

leikið þar lykilhlutverk sem og sá markaður sem hefur skapast vegna aukins fjölda ferðamanna. Ef hver og einn af þeim 735.000 ferðamönnum sem koma á svæðið borðar hér tvær til þrjár máltíðir úr staðbundnu hráefni þá mun það styrkja framleiðslu heimamanna sem um munar. Við þurfum því að tengja veitingamenn og matvælaframleiðendur á svæðinu betur saman. Sveitarfélagið og atvinnulífið þarf að snúa bökum saman og nýta þau tækifæri sem ferðaþjónustan og uppgangur hennar getur haft fyrir atvinnulífið í heild sinni.

Þjónusta við dreifbýlið

Sveitarfélagið verður að vera meðvitað um sérstöðu svæðisins og þær miklu vegalengdir sem íbúar þurfa að aka til að sækja alla þjónustu. Stytting vegalengda innan sveitarfélagsins eru því brýnt hagsmunamál íbúa. Sorpmálin, skipulag við hreinsun rotþróa og fleiri slík mál þarf að skipuleggja upp á nýtt með þarfir íbúa í dreifbýli í huga.

Sterkari stjórnsýsla

Fáum við umboð til mun á fyrsta fundi bæjarstjórnar verða lögð fram tillaga um að auglýst verði eftir bæjarstjóra og bæjarráði falið að halda utan um þá vinnu. Við munum fara vel yfir mannaðsmál hjá sveitarfélaginu og styrkja með því þá þætti þar sem álagið er mikið og úrbóta þörf til eflingar þjónustu, viðmóti og styrk sveitarfélagsins.
XB

Ásgerður K. Gylfdóttir 1. sæti,
Asgrímur Ingólfsson 2. sæti,
Erla Þórhallsdóttir 3. sæti,

Þjörgvin Óskar Sigurjónsson 4. sæti á lista Framsóknarmanna og stuðningsmanna þeirra

Sveitarfélagið Hornafjörður KJÖRFUNDUR

Kjörfundir vegna sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018 verða sem hér segir:

Kjördeild I Öraefi	Hofgarður	Frá kl. 12:00*
Kjördeild II Suðursveit	Hrollaugsstaðir	Frá kl. 12:00*
Kjördeild III Mýrar	Holt	Frá kl. 12:00*
Kjördeild IV Nes	Mánagarður	Frá kl. 12:00 til kl. 22:00
Kjördeild V Höfn	Heppuskóla	Frá kl. 09:00 til kl. 22:00

*) Kjörfundir á viðkomandi stöðum lýkur strax og unnt er skv. 66.gr laga nr.5/1998 um kosningar til alþingis.

Talið verður í Heppuskóla, en þar hefur yfirkjörstjórn aðsetur á kjördag.

Kjósendur geta átt von á að verða krafðir um skilríki á kjörstað.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Höfn 22. maí 2018

Yfirkjörstjórn:

Vignir Júlíusson

Zophonías Torfason

Reynir Gunnarsson

Búum til eftirsótt samfélag

Fræðslumál

Eitt af markmiðum síðasta kjörtímabils var að gera könnun á ytri umgjörð leikskólamála á Höfn. Reynt var að tryggja að fá sem flesta að borðinu, starfsmenn, stjórnendur, foreldra og stjórnmalamenn. Niðurstaðan var sú að almennur vilji var fyrir því að sameina leikskólana undir eitt þak. Byrjað var á að sameina leikskólana undir nafninu Sjónarhóll og nú í haust mun skólinn flytja í glæsilegt nýtt og endurbætt húsnæði. Þar skapast frábær aðstaða og vettvangur til að vinna áfram með hið góða innra starf sem hefur verið unnið í gegnum tíðina.



Leið til árangurs þar sem markviss áhersla er á lestur og stærðfræði frá leikskóla og í gegnum grunnskólann var innleidd á tímabilinu. Þessi stefna rímar vel við nýja menntastefnu sveitarfélagsins sem nær yfir nám alla ævi og var unnin í samvinnu við íbúa og hagsmunaaðila samfélagsins frá skólum til atvinnulífisins. Hún endurspeglar því sýn íbúa á öllum aldri til menntamála og framtíðarþróunar í sveitarfélaginu.

Æskulýðs- og tómstundamála

Tómstundastyrkurinn var hækkaður verulega á tímabilinu og aldur þeirra sem geta nýtt hann hækkaður í 18 ár með það að markmiði að fleiri geti stundað fjölbreyttara tómstundastarf.

Starfshópur var stofnaður um íþróttamál í því skyni að kortleggja þarfir mismunandi íþróttageina út frá því sjónarmiði að efla og þróa áfram tækifæri til íþróttaiðkunnar í sveitarfélaginu. Þegar aðstaðan var skoðuð kom í ljós að mest aðkallandi var að fá vallahús, betri æfingaaðstöðu úti við fyrir knattspyrnu, nýtt og stærra íþróttahús og varanlegt húsnæði fyrir líkamsrækt. Ljóst er að hanna þarf íþróttasvæðið á heildrænan hátt og gera framkvæmdaáætlun til lengri tíma.

Ungmennaráð festi sig í sessi á kjörtímabilinu og það að fá fastamenn inn í nefndir var góður áfangi. Ungmennanþing er komið til að vera og er góð leið til að ná til fleiri ungmenna og stuðla að því að raddir þeirra heyrast í samfélaginu. Ungmennahús opnaði svo í endurbættu húsnæði Þrykkjunnar. Það er hugsað fyrir öll ungmenni á aldrinum 16-25 ára. Vonandi skapast þar góður vettvangur fyrir ungt fólk til að hittast og móta skemmtilegt og fjölbreytt félagslíf.

Heilsueflandi samfélag

Það hefur marga kosti að búa á Hornafirði og m.a. að við erum Heilsueflandi samfélag. Í heilsueflingastarfi er markvisst unnið með og stutt við þætti sem hafa áhrif á heilbrigði í víðu samhengi. Í heilsueflandi samfélagi er heilsa, líðan og heilbrigðir lífshættir íbúa í fyrirrúmi í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum og markmiðið að skapa sem bestu aðstæður fyrir það. Hvernig snýr þetta að sveitastjórnunarmálum? Það eru margar leiðir til að stuðla að heilsueflingu en hér eru nokkur dæmi um málaflokkar sem geta haft áhrif á heilsu íbúa. Í skólustarfi getur þetta t.d. snúið að því að skapa góðan aðbúnað fyrir starfsfólk og nemendur. Í Æskulýðs- og íþróttastarfi hefur framboð, aðstaða og aðgengi áhrif. Einnig má nefna skipulag, hönnun hverfa, byggingar og samgöngur ásamt aðgengi að byggingum og þjónustu. Félagsþjónusta þarf að vera góð og aðbúnaður eldri borgara og viðkvæmra hópa viðunandi. Heilbrigðisþjónustan þarf að vera heildstæð og samstaða um auknið aðgengi og gæði, eins og t.d. að gæðheilbrigðisþjónustu. Í umhverfismálum þarf að huga að loftgæðum og úrgangsmálum. Heilsueflandi samfélag er eftirsóknarverðara, hagkvæmara, skilvirkara, öruggara, sjálfbærra og tryggir aukinn jöfnuð.

Sveitarfélagið Hornafirður hefur margt upp á að bjóða sem rímar við Heilsueflandi samfélag en lengi má gott bæta. Höldum áfram á sömu braut og gerum gott samfélag enn eftirsóknarverðara.

*Hjálmar Jens Sigurðsson skipar
3. sætið á lista Þriðja framboðsins.*

Fyrsta fasa við gerð Áfangastaðaáætlunar Suðurlands lokið

Áfangastaðaáætlun Suðurlands er unnin með því markmiði að sameina hagaðila í ferðaþjónustu, móta framtíðarsýn fyrir svæðið í heild sinni og stefnu til að ná henni. Áfangastaðaáætlun er tækifæri fyrir sveitarfélög, ferðamálasamtök, ferðaþjónustufyrirtæki og aðra hagaðila í ferðaþjónustu til að fara fram sameiginlega og í samstarfi til næstu ára og byggja þannig ofan á þá vinnu sem þegar hefur átt sér stað við gerð áfangastaðaáætlunar.

Markmið með áætluninni: Draga fram sameiginlega sýn sem sunnlendingar og aðrir sem starfa í ferðaþjónustu á Suðurlandi geta stefnt að og verið stolt af. Unnið var með fjölbreyttum hópi hagaðila og var nýtt sú svæðaskipting sem dregin var fram í Markaðsgreiningu Suðurlands árið 2016. Suðurlandi var þá skipt upp í:

• Vestursvæði:

- Ólfus, Sveitarfélagið Árborg, Hveragerði, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógarbyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur og Rangárþing ytra

• Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar:

- Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur og Vestmannaeyjabær

• Ríki Vatnajökuls

- Sveitarfélagið Hornafirður

Áfangastaðaáætlun DMP fyrir Suðurland er afurð umfangsmikilla 12 mánaða vinnu undir forystu Markaðsstofu Suðurlands. Rúmlega 40 manns unnu þétt saman í vinnuhópum á svæðunum þremur auk þess sem tekin voru viðtöl og farið í heimsóknir til yfir 30 aðila. Einnig mættu um 100 manns á íbúafundi sem haldnir voru á öllum svæðum en að auki voru send drög til umsagnar og athugasemda til allra sveitarfélaga á Suðurlandi.

Áfangastaðaáætlun er heildstæð áætlun sem nær yfir samspil ferðaþjónustunnar, samfélagsins og náttúrunnar. Innan hennar er dregin fram framtíðarsýn svæðisins á sviði ferðaþjónustunnar, helstu markmið og aðgerðir til að láta framtíðarsýnina verða að veruleika þannig að jafnvægi skapist milli ferðaþjónustu, samfélags og náttúru.

Helstu niðurstöður lúta að samgöngum, náttúruvernd, áhrifum ferðaþjónustunnar á samfélög, samtali og samvinnu, gjaldtöku, stýringu og dreifingu ferðamanna, sjálfbærri þróun í ferðaþjónustu, ábyrgri ferðahegðun, gæði og gæðamálum, upplýsingagjöf, merkingum og fræðslu, öryggi og aðgengi og rannsóknnum og hagtölum í ferðaþjónustu.

Næstu skref eru að vinna betur í þeim aðgerðaráætlunum sem komu fram í áætluninni, skoða hverjir eru ábyrgðaraðilar, hvaðan fjármagnnið þarf að koma, hvort aðgerðir séu raunhæfar og hvernig aðgerðir tengjast öðrum áætlunum svo að dæmi séu tekin.

Einnig verður farið í kynningu á áætluninni og samræmingu með helstu hagaðilum líkt og sveitarfélögum, ferðamálasamtökum og fyrirtækjum svo að dæmi séu tekin.

Stefnt er að birta áætlunina í lok sumars. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Markaðsstofu Suðurlands <https://www.south.is/is/dmp>.



Íslenska gámafélagið leitar eftir vönum meiraprófsbílstjóra til starfa á Hornafirði.

Helstu verkefni: Sorphirða, gámaflutningur og almenn aðstoð við viðskiptavinum

Menntunar og hæfniskröfur:

Aukin ökuréttindi C/CE

Reynsla sem nýttist í starfi

Sjálfstæð vinnubrögð og jákvætt viðmót.

Nánari upplýsingar veitir

Einar í síma 840-5710.

mail: ainarj@igf.is og á staðnum.



Hagur í heimabyggð eða stuðningur við höfuðborgarsvæðið?

Ég hef notið þeirra forréttinda undanfarin ár að koma á fót og starfa við eigið ferðaþjónustufyrirtæki á Hornafirði. Þetta var ein lykilsenda þess að ég ásamt betri helmingnum ákvað að setjast að í heimabæ mínum, skjóta rótum í þessu öfluga samfélagi og sjá framtíðina fyrir okkur hér á Hornafirði. Við erum einungis eitt fjölmargra dæma um ungt fólk sem hefur ákveðið að flytjast á Hornafjörð vegna aukinna atvinnutækifæra undanfarin ár. Hér hefur verið mikill vöxtur og mörg spennandi störf hafa skapast í kringum ferðaþjónustuna. Það eru að minnsta kosti 20 fjölskyldur á Hornafirði sem hafa afkomu sína af rekstri afþreyingarfyrirtækja og fjöldi heilsársstöðugilda hjá þessum fyrirtækjum hlaupa á tugum. Hér er eingöngu verið að horfa í afþreyingarhlutann en ótalið öll þau störf sem tengjast gisti- og veitingageiranum.

Vöxtur í atvinnulífi og fjölgun íbúa ekki sjálfsgæður hlutur

Allt bendir til að fjölgun íbúa í Sveitarfélaginu Hornafirði undanfarin misseri og blómstrandi atvinnulíf á svæðinu, sé afsprengi hins mikla vaxtar í ferðaþjónustu. Þessi vöxtur er ekki sjálfsgæður hlutur og hlutirnir geta verið fljótir að breytast. Því er mikilvægt að standa vörð um fyrirtækin sem byggja sína starfsemi í heimabyggð og tryggja þeim þær stöðir svo starfsemi fyrirtækjanna geti dafnað til lengri tíma og síðast en ekki síst, séu samkeppnishæf við stærri fyrirtæki í greininni á höfuðborgarsvæðinu. Það er okkar sem samfélags að standa vörð um þessa atvinnugrein og tryggja þannig stöðugleika í greininni til lengri tíma lítið. Það hlýtur alltaf að vera hagur sveitarfélagsins að heimaþyrirtækni dafni til framtíðar og að sem flest störf skapist í kringum þau og fleiri íbúar með búsetu á svæðinu. Margföldunaráhrifin eru svo mikil og heimaþyrirtækni skilja meiri verðmæti eftir í héraði, til dæmis með því að kaupa hina ýmsu þjónustu af öðrum heimaþyrirtækjum ásamt því að greiða útsvar til sveitarfélagsins.

Vatnajökulsþjóðgarður - ögn eða tækifæri?

Það virðist vera sem stóru afþreyingarfyrirtækin á höfuðborgarsvæðinu hafi meiri ítök innan Vatnajökulsþjóðgarðs og hafi þannig áhrif á ákvarðanir þjóðgarðsins. Þessi fyrirtæki eru mjög

sterk markaðslega og fjárhagslega og virðast geta gert nánast það sem þeim sýnist. Í krafti þessara fyrirtækja, þá hefur þróunin verið sú að undanförunu, að ferðamenn velja frekar að koma í dagsferð inn á svæðið okkar eða hafa næturdvöl annars staðar á Suðurlandi. Þannig að þrátt fyrir þann mikla fjölda ferðamanna sem kemur inn á svæðið, þá skilja þeir mjög takmarkað eftir sig annað en sótspor. Jafnframt verður mun meiri ágengni á náttúruna okkar með þessum mikla massa og gæði náttúruupplifuninnar rýrnar.

Villta vestrið?

Til að átta sig á því hvernig hlutunum er háttað er Skaftafell hugsanlega eitt besta dæmið enda gjarnan kallað villta vestrið. Þar hafa eingöngu fyrirtæki af höfuðborgarsvæðinu fengið að vera með aðsetur nema eitt fyrirtæki héðan (matarvagn) og hefur heimamönnum ítrekað verið hafnað um aðsetur þar. Jafnframt hafa önnur stór fyrirtæki komið sér fyrir í Skaftafelli án þess að hafa leyfi til þess en fá engu að síður að starfa þar óareitt. Ekkert er gert í málinum. Það mætti draga þá ályktun að virðing til Vatnajökulsþjóðgarðs sé ekki mikil og að þar ríki óstjórn. Það er algerlega óásættanlegt að svona stórt apparat geti starfað eins og það gerir. Það fer það orð af þjóðgarðinum að best sé að gera hlutina án þess að spyrja um leyfi, því þá fær maður að vera óareittur með starfsemi sína. Nú geri ég ráð fyrir því að þeir sem hafa verið og eru í bæjarstjórn vilji fría sig frá þessu þar sem þetta sé á valdi þjóðgarðsins. Þar sem þrjú fulltrúar sveitarfélagsins sitja ávallt í svæðisráði suðurhluta, þar af bæjarstjórnin, geta þessir aðilar ekki fríað sig frá ástandinu og umgjörðinni sem hefur skapast á þessu svæði þjóðgarðsins. Það virðist vera að fulltrúar Sveitarfélagsins Hornafjarðar gagnvart Vatnajökulsþjóðgarði undanfarin ár hafi einfaldlega ekki haft bein í nefinu til að berjast fyrir sínu atvinnusvæði og sínu fólki. Heldur tilbúið að eyða ótrúlega miklum tíma og fjármunum í að bola í burtu öðrum heimaþyrirtækjum og berjast með kjafni og klóm til að koma því í gegn þó dómskerfið sýni að það er ekki grundvöllur fyrir því. Þetta verður alltaf erfitt að skilja.

Fagleg umgjörð og samstaða tryggir gæði

Nú lítur út fyrir að það muni hægjast verulega á vexti í ferðaþjónustu á komandi árum og mun



landsbyggðin finna mest fyrir því. Þess vegna er mikilvægt að við fáum fólk í sveitarstjórn sem er tilbúið að berjast fyrir okkar málstað, ekki bara fyrir mig eða mitt fyrirtæki, heldur fyrir allt sveitarfélagið. Við eigum að standa saman og finna leiðir til að byggja stöðir undir heimaþyrirtækni og fá þjóðgarðinn til þess að róa með okkur þar. Enda þekktist það í mörgum löndum að umgjörð þjóðgarða er þannig háttað að það er gerð krafa að starfsemi þeirra byggist að stórum hluta á heimaþyrirtækjum.

Vatnajökulsþjóðgarður er í senn mesta ögnin við starfsemi heimaþyrirtækja í ferðaþjónustu en á sama tíma okkar mestu tækifæri. Því þarf fólk í sveitarstjórn sem er með bein í nefinu til að standa með heimamönnum og láta verkin tala, það er búið að ræða hlutina nóg.

Það felast einnig tækifæri í því að hægjast skuli á vexti. Við í Sveitarfélaginu Hornafirði erum í lykilstöðu til þess að vera framúrskarandi í ferðaþjónustu ef við hlúum að gæðum og að hvert öðru. Og síðast en ekki síst, sköpum þá umgjörð og stöðir sem þarf til að heimaþyrirtækin geti dafnað og þar með Sveitarfélagið Hornafjörður með blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf.

Virðingarfyllst,

Sindri Ragnarsson, einn eigandi afþreyingarfyrirtækisins Glacier Trips og Hornfirðingur í húð og há.

Finnur Torfason - Framsókn og stuðningsmenn þeirra

Samgöngur og

Vatnajökulsþjóðgarður

Oft er talað um að maður verði samdauna umhverfinu sínu. Ætli það séu ekki að nalgast 10 ár síðan frænka mín sem búsett er í Hveragerði kom í heimsókn og það fyrsta sem hún nefnir þegar hún labbar inn er hversu lélegir vegirnir hingað séu. Fyrir þann tíma hafði ég í raun aldrei þælt í því hversu slæmur vegurinn um Þjóðveg 1 hér í sýslunni var og fannst hann í raun og veru bara finn. En síðan eru liðin allmörg ár og lítið hefur breyst, þrátt fyrir fögur fyrirheit. Enn eru vegirnir jafn bugðóttir og einbreiðu brúnum hefur (næstum) ekkert fækkað.

Umferðaröryggi

Áframhald á veg yfir Hornafjarðarfljótin, skipulagsvinna fyrir vegstyttingar og vegabætur í Örafum og Lóni eru nokkur af þeim verkefnum sem koma strax uppí hugann. Þessi verkefni og að Lónsheiðagöng komist á samgönguáætlun eru verkefni sem við verðum að þrýsta á stjórnvöld með

að setja í gang sem fyrst. Það er mikilvægt að bæði sveitarstjórn sem og ríkisstjórn tryggi fjármagn í framgang þessara verkefna til að auka umferðaröryggi í sýslunni. Þar skiptir miklu að hafa öfluga stjórnarsýslu sem þekkir sitt hlutverk.

Vatnajökulsþjóðgarður

Vatnajökulsþjóðgarður er lykilstofnun í sveitarfélaginu. Hann var stofnaður út frá þremur megin markmiðum; að tryggja vernd einstakrar náttúru, byggja upp útivistarmöguleika á svæðum innan garðsins og styðja við þróun atvinnulífs á nærsvæði garðsins. Sérstaða þjóðgarðsins í Austur-Skaftafellssýslu er nálægð hans við byggð. Það er því mikil tækifæri fyrir íbúa sveitarfélagsins að byggja upp atvinnu í tengslum við náttúruskoðun og útivist. Þjóðgarðurinn þarf jafnframt fjármagn, hvort sem er í formi beinna fjárfrahlaga frá ríkinu eða gjaldtöku á hans vegum, til að standa undir uppbyggingu innviða á svæðum innan garðsins. Lykillinn að uppfyllingu

meginmarkmiða þjóðgarðsins og þar með eflingu byggðar er fólgin í markvissu og viðtæku samstarfi við alla hagsmunaaðila.

Tökum frumkvæðið

Jökulsárlón er lykilsvæði innan þjóðgarðsins og þar er deiliskipulag í mótun. Í því felst einstakt tækifæri til að styðja þróun atvinnulífs í sveitarfélaginu með því að byggja upp aðstöðu fyrir litil og meðalstór fyrirtæki í ferðaþjónustu og veitingageiranum. Þó svo að ný svæði komi inn í þjóðgarðinn, má ekki gleyma þeim svæðum sem fyrir voru. Þjóðgarðurinn í Skaftafelli varð 50 ára á síðasta ári og aðstaða á svæðinu hefur ekki haldið í við fjölda gesta. Sveitarstjórnin þarf að taka frumkvæði í þessum mikilvægu málefnum og beita áhrifum sínum innan svæðisráðs suðursvæðis og stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðar.

Finnur Torfason

7. sæti á lista Framsóknarmanna og stuðningsmanna þeirra

Staðan og framtíðin.

Sveitarstjórnarkosningar fara fram laugardaginn 26. maí. Mikilvægt er að nýta kosningarrétt sinn og hafa áhrif á mótun framtíðar og þau verkefni sem stefnt er að til næstu ára. Listi Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi sveitarstjórnarkosninga er skipaður hópi fólks sem er tilbúin að takast á við þau verkefni sem framundan eru. Sjálfstæðismenn hafa verið í meirihlutasamstarfi á því kjörtímabili sem nú er að ljúka. Það hefur verið ráðist í miklar nýframkvæmdir og endurbætur. Framtíðarsýnin er skýr sem kom berlega fram í stefnuskrá framboðsins sem kom út með Eystrahorni 9. maí s.l.

Framkvæmdir

Framkvæmdir við fráveitu sem setja sveitarfélagið framarlega í röð meðal sveitarfélaga hvað þau mál varðar. Fráveituhreinsivirki var byggt og tekið í notkun fyrir Nesjahverfið og nærsvæði þess. Unnið er að lagningu stofnlagna og verður fráveituhreinsivirki fyrir þéttbýlið á Höfn byggt og tekið í notkun á þessu ári. Halda þarf áfram með þessi verkefni þar til öll fráveita frá þéttbýlinu fer í gegnum hreinsivirkið. Kortlagning og skipulag fráveitumála í dreifbýli er einnig atriði sem þarf að huga að. Jafnhliða endurbótum í fráveitu verður ráðist í lagfæringar á götum og gangstéttum. Mikilvægt er að koma stofnlögnum og hreinsivirki í framkvæmd áður en hægt er að laga yfirborð gatna og gangstétta. Nú er að ljúka framkvæmdum við nýjan leikskóla. Kostnaður við framkvæmdina er á áætlun, og útkoman í samræmi við þær kröfur og væntingar sem gerðar eru til leikskóla í dag. Vert er að nefna að við þessar breytingar mun húsnaðið sem áður hýsti Krakkakot nýttast fyrir málefni fatlaðra, þar sem núverandi húsakostur er of lítill fyrir starfsemina.

Ferðabjónusta

Ferðabjónusta er sívaxandi atvinnugrein og mikilvægt að stöðja við það frumkvöðlastarf sem þar á sér stað. Slow Adventure ferðamennska sem hefur verið í þróun hjá Háskólasetrinu á Hornafirði getur skapað okkur í þessu sveitarfélagi sérstöðu og sóknartækifæri. Hornafjarðarflugvöllur sem millilandaflugvöllur fyrir minni farþegaflugvélar gæti verulega stutt við þessa tegund ferðamennsku. Víða eru tækifæri í

okkar samfélagi sem huga þarf að. Hlúa þarf að þeim sprotum sem kvikna því lítill visir getur orðið að miklu. Traust og fjölbreytt atvinnulíf er undirstaða fjölbreytts samfélags menningar- og atvinnutækifæra.

Samfélagið

Óflugt samfélag þarf góða heilbrigðisþjónustu, góð tækifæri til menntunar frá leikskóla til framhaldsskóla, nægt framboð á fjölbreyttum atvinnutækifærum og möguleika til nýsköpunar. Einnig er mikilvægt að nægt framboð sé á íbúðarhúsnaði. Liður í því hefur verið að fella niður gatnagerðargjöld af íbúðarlóðum og koma þannig til móts við húsbyggjendur með lækkun byggingakostnaðar. Stofnað var sjálfseignarfélag um byggingu almennra leiguíbúða. Einnig var samvinna við Skinney-Pinganes um byggingu íbúða á sömu forsendum. Komin er af stað vinna við byggingu þriggja íbúða í Órafum. Áframhaldandi uppbygging í þéttbýli jafnt sem dreifbýli er ein af undirstöðum framþróunum.

Grunnþjónusta er mikilvæg og er það sem ungt fólk horfir til við val á búsetu. Óflugt ungmenna- og íþróttastarf skiptir þar ekki síst miklu máli svo og forvarnargildið sem það hefur. Góð umgjörð er þýðingarmikill þáttur, því er mikilvægt að vinna að hönnun og skipulagi íþróttamannvirkja sem byggir á framtíðarsýn. Má þar t.d. nefna mikilvægi þess að líkamsræktarstöð verði komið fyrir í tengslum við önnur íþróttamannvirki. Að tryggja frekari þátttöku ungs fólks í stjórnslu sveitarfélagsins er mjög mikilvægt. Gleymum ekki því að unga fólkið í samfélaginu er nútíðin og framtíðin, það er eitt af okkar hlutverkum að búa svo um að það sé ákjósanlegur valkostur að búa hér.

Velferðarmál

Á öðru ári kjörtímabils var skrifað undir nýjan samning um áframhaldandi rekstur sveitarfélagsins á heilbrigðisþjónustu, nú þarf að huga að nýjum samningi. Eitt af markmiðum þeirrar vinnu ætti að vera langtímasamningur um þetta fyrirkomulag. Nú á dögum var skrifað undir samkomulag um byggingu 30 rýma hjúkrunarheimilis hér á Höfn. Til viðbótar verður það verkefni bæjarstjórnar að tryggja að samhliða



þessu verið byggð kapella, líkhús ásamt nauðsynlegri stöðþjónusturými. Einnig þarf að huga að rekstrahagkvæmni stofnunarinnar og því verða 4 sjúkrarými við stofnunina tekin inn í endanlega hönnun á húsnaðinu. Bygging hjúkrunarheimilis er búin að vera til meðferðar hjá bæjarstjórn allt frá því ég kom fyrst að bæjarstjórnarmálum 2006. Það er því mikið fagnaðarefni að tekist hafi að ná samkomulagi um þessa byggingu nú.

Hér að framan hefur verið farið yfir brot af þeim verkefnum stórum og smáum sem unnið hefur verið að á kjörtímabilinu og einnig verkefni sem eru framundan. Mikill metnaður er í stefnuskrá flokksins fyrir samfélagið okkar.

Jákvæðni byggir árangur því setjum við X við D á kjördag

Björn Ingi Jónsson, 1. Sæti á lista Sjálfstæðisflokksins

Sjómanna dagshátíð - laugardaginn 2. júní

Matur, skemmtun og dansleikur í íþróttahúsi. Danshljómsveit Friðjóns leikur fyrir dansi og Bragi Árnason sér um veislustjórn.

Húsið opnað kl. 19:00 og borðhald hefst stundvíslega kl. 20:00.

Miðaverð er kr. 12.000 á skemmtun, borðhald og dansleik.

Selt verður á ballið í anddyri íþróttahússins eftir kl. 23:00. Miðaverð er 2.500. 18 ára aldurstakmark.

Forsala aðgöngumiða er hjá Sigurði Karlssyni í síma 470-8104 og á siggik@sth.is og Hallveigu Karlsdóttur í síma 470-8119 og á hallveig@sth.is.

Dagskráin í Sjálfstæðishúsinu á kjördag, 26.maí



Kosningaskrifstofan opnar kl. 10 og munum við frambjóðendur taka á móti ykkur í líflegar og skemmtilegar umræður.

Kosningavakan verður í Sjálfstæðishúsinu klukkan 22:00

Í hádeginu verður boðið uppá súpu. Kosningakaffi verður áfram frá klukkan 13-17

Jákvæðni byggir árangur

- X-D Ljúka byggingu hjúkrunarheimilis með 30 rúmum, kapellu, líkhúsi og nauðsynlegri stoðþjónustu
- X-D Unnin verði framtíðarhönnun íþróttasvæðis sem taki mið af þörfum til framtíðar þ.m.t. líkamsræktarstöð og innisundlaug.
- X-D Ljúka við fráveitu í samræmi við áætlanir og átak í lagfæringum gatna og gangstétta
- X-D Framkvæmdir til að tryggja dýpi á Grynnslum og auka öryggi sjófarenda um Hornafjarðarós.
- X-D Skipuleggja fleiri íbúðalóðir í þéttbýli og dreifbýli og ýta undir frekari byggingar íbúðarhúsnæðis
- X-D Hluti Miklagarðs verði byggðasafn sveitarfélagsins og hluti aðstaða fyrir frumkvöðla og listamenn.
- X-D Hraðað verið framkvæmdum við nýjan veg um Hornafjörð
- X-D Hornafjarðarflugvöllur verði millilandaflugvöllur fyrir ferjuflugvélar og minni farþegaflugvélar

Við tökum vel á móti þér!










Nýtum kosningaréttinn X-D

JÁKVÆÐNI METNAÐUR KRAFTUR

3. framboðið vill starfa að sveitarstjórnarmálum næstu 4 árin og þarf því atkvæðið þitt.

Við viljum:

-  Stuðla að jákvæðri íbúapróun með stuðningi við húsbyggjendur, byggja litlar leiguíbúðir og smærri íbúðir fyrir 60 ára og eldri.
-  Nota samskipti nútímans í stjórnsýslu og efla menntun fyrir alla.
-  Hafa öfluga þjónustu við íbúa og efla íbúalýðræði.
-  Byggja hjúkrunarheimili.
-  Koma upp fjölnota menningarhúsi á Höfn fyrir sviðslistir og sýningar.
-  Klára fráveituframkvæmd á Höfn og gera átak í að laga götur og gangstéttir.
-  Hanna og byggja upp íþróttastöðu, göngu- og hjólaleiðir og fjölskylduvæn græn svæði.

Setjum X við E

OPIÐ Í MIKLAGARÐI

**ALLA VIKUNA
KL. 16:30-18:30**

**OPIÐ
Á
KOSNINGADAG
KL. 10-20**

**KOSNINGAVAKA Í
GOLFSKÁLANUM
26. MAÍ
KL. 20-24**

ALLIR VELKOMNIR

[HTTP://XE.780.IS](http://xe.780.is)

OG Á FÉSBÓKINN




Þeir segja að launahækkanir ógni stöðugleikanum!

Eru menn ekki að grínast?

ÁRIÐ 2017	GRUNNLAUN	HLUNNINDI	ALLS
Gylfi Sigfússon forstjóri	67,4	35,2	102,6
Sex framkvæmdastjórnar	170,3	75,0	245,4

ÁRIÐ 2016	GRUNNLAUN	HLUNNINDI	ALLS
Gylfi Sigfússon forstjóri	67,9	26,3	94,2
Sex framkvæmdastjórnar	147,5	44,3	191,8

Upphæðir í milljónum króna



HB Grandi greiðir 1,3 milljarða í arð

Hækka laun embættismanna afturvirk



Forstjóri Isavia segir miklar launakröfur áhyggjuefni: Hækkadi sjálfur í launum um 400 þúsund milli ára

Þjörn Óli Hannesson fékk 25,1 milljón króna í laun á síðasta ári. Hækkunar á launum stjórnarmanna samþykktar á síðasta ársfundum Isavia.

53 milljarða hreinn hagnaður hjá útgerðinni - Fjármagnskostnaður 0,7% af tekjum



nútíminn

Embættismenn fá milljónir í vasann eftir að launin þeirra hækkuðu afturvirk





Ásgerður K. Gylfadóttir
hjúkrunarstjóri, 49 ára
1. sæti



Ásgrímur Ingólfsson
skipstjóri, 51 árs
2. sæti



Erla Þórhallsdóttir
leiðsögumaður, 35 ára
3. sæti



Björgvin Óskar Sigurjónsson
tæknifræðingur, 37 ára
4. sæti



Kristján S. Guðnason
matreiðslumaður, 49 ára
5. sæti



Íris Heiður Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri, 41 árs
6. sæti



Finnur Smári Torfason
verkfræðingur, 31 árs
7. sæti



Nejra Mesetovic
verkfnastjóri, 22 ára
8. sæti

Saman gerum við samfélagið sterkara



Við ætlum að:

- Auglýsa eftir bæjarstjóra
- Lækka fasteignaskatta
- Byggja upp öfluga og opna stjórnsýslu
- Styðja dyggilega við nýsköpun í atvinnulífi.
- Ráðast í áframhaldandi uppbyggingu íþróttamannvirkja eftir viðtækt samráð við íþróttahreyfinguna og skólasamfélagið.
- Taka frumkvæði við mótun skipulags við Jökulsárlón með hagsmuni lítilla og meðalstórra fyrirtækja að leiðarljósi.

Viðburðir fram að kosningum:

Fimmtudagur 24. maí.

Konukvöld í Bárukoti kl. 20.30

Föstudagur 25. maí.

Pubquiz í Bárukoti fyrir ungt fólk kl. 20.30

Laugardagur 26. maí.

Kosningakaffi í Slysavarnarhúsinu kl. 14.00

Laugardagur 26. maí.

Kosningavaka á Hafinu kl. 21.00

Kosningaskrifstofan í Bárukoti opin alla virka daga frá 22. maí kl. 16-18.